



Skólaráð Pelamerkurskóla

Fyrsti fundur skólaársins 1. nóv. 2019

Mættir: Jónsteinn og Sóley Sandra fulltrúar nemenda, Andrea fulltrúi foreldra, Oddur Bjarni fulltrúi nærsamfélags, Sigga Hrefna fulltrúi almenns starfsfólks, Gréta fulltrúi kennara og Ragnheiður Lilja skólastjóri. Jóhanna María fulltrúi foreldra og Anna Rós fulltrúi kennara forfölluðust.

Dagskrá

1. Farið yfir hlutverk skólaráðs fyrir nýja meðlimi.
2. Fundaplan vetrarins - starfsáætlun
 - a. Ákveðið var að funda þrisvar sinnum yfir skólaárið, okt/nóvi, um miðjan mars og í lok maí
3. Endurskoðun skólastefnu Hörgársveitar. Skólastjóri segir frá vinnunni sem er í gangi við endurskoðun skólastefnunnar en stefnan var samþykkt árið 2016 með ákvæðum um endurskoðun að þremur árum liðnum. Búið er að taka stefnuna fyrir í fræðsluráði, á starfsmannafundum skólanna í sveitarfélaginu og fyrir liggur að halda opinn íbúafund þar sem öllum íbúum sveitarfélagsins gefst kostur á að koma að vinnunni. Stefnan verður lögð fyrir skólaráð til umsagnar á næsta fundi þess.
4. Nefndir og ráð innan skólans. Skólastjóri fer yfir þær nefndir og ráð sem eru til staðar í skólanum og hlutverk þeirra, en við skólann starfa eftirfarandi ráð: Heilsueflandi skóli (m.a. mótuneytiráð), Jákvæður agi - stýrihópur, Læsisráð, Mótuneytiráð, Skólaráð, Sparkvallaráð, Umhverfisiráð og Upplýsingatækniráð. Í öllum ráðum eru nemendur og starfsfólk auk þess sem óskað var eftir fulltrúum frá foreldrum í sum þeirra. Fram komu ábendingar um kynjahalla í sumum ráðum og nefndum. Skólastjóri ræðir það á starfsmannafundi og leggur til breytingar.



ÞELAMERKURSKÓLI

5. Heilsustefna skólans kynnt og rædd. Markmiðið í vetur er að taka stefnuna um Heilsueflandi skóla fastari tókum og hefur heilsueflingarnefnd hafið þá vegferð með glæsibrag.
6. Starfsáætlun skólans. Umræður um birtingarmynd starfsáætlunar. Niðurstaða fundarmanna var sú að láta áætlunina birtast í formi hlekkja og síðna á heimasíðunni undir yfirheitinu Starfsáætlun, í staðinn fyrir að gefa út margra blaðsíðna PDF skjal.
7. Hönnun og tækni. Skólastjóri sagði frá nýrri hönnunar og tæknistofu sem og valgrein undir sama hatti. Skólinn keypti þrívíddarprentara auk þess sem hann er að bæta við sig tækjum og tólum fyrir forritun og vélmennasköpun. Spannandi verkefni sem vekur áhuga margra nemenda.

Fundarritari:

Ragnheiður Lilja